

# Undarlegur húmor

**MYNDLIST**  
ÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR



Hafnarhúsið, Tryggvagötu  
**Ari Alexander Ergis Magnússon, Hilmar Örn Hilmarsson, Friðrik Þór Friðriksson, Lars von Trier. Sýningarstjóri Ari Alexander Ergis Magnússon. Myndbandsverk og málverk**  
★★★★☆

Opið alla daga frá kl 10-17, á fimmtudögum til kl. 22. Aðgangur ókeypis. Sýningin stendur til 18. október.

Í texta Jóns Proppé kemur fram að Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður hafi valið ramma úr eigin kvikmynd og kvikmyndum kollega síns Lars von Triers sem hafi síðan verið „málaðir upp með olíulitum á gríðarstóra strígaflæti“. Síðar hefur verið greint frá því að kinnverjar hafi málað myndirnar en ekki veit ég hvort það voru kinnverskir listamenn, skiltagerðarmenn eða málverkaverksmiðja sem málar eftir pöntunum.

Nú er það svo að algengt er að listamenn fái aðra til að vinna verkin sín, þeir eiga hugmyndina og láta vídeigandi fagmenn sjá um iðnaðar- eða handverksþáttinn. Nærtækast er að vísa í verk Sigurðar Guðmundssonar listamanns þar sem hann sendir hluta af fjórugrjóti til Kína og lætur slípa svo úr verða skínandi fagrir steinar. Þá skilar hann steinum aftur í fjóruga og verkið sjálft er augljóslega hans, enda hans hugmynd og framkvæmd.

Þá er listasagan full af dæmum um það hvernig höfundarhugtakið er teyggt og togað, afnumið eða ofleikið. Einnig fylgja þessu oft kaldhæðin komment á stigveldi innan listarinnar, hefðarröð í hópum listamann o.s.frv. Í slíkum tilfellum er hugmyndafræði framkvæmdarinnar sem er kjarni verksins. Það er hugmyndasmíðarinn og framkvæmdastjórnin sem eru í aðalhlutverki en ekki leikstjórnin ef svo mætti að orði komast. Verk af þessum toga eiga



**Hvað er í gangi?** „Sýningin *Endurkynni rammanna* er ein af undarlegri framkvæmdum Listasafns Reykjavíkur...“ segir gagnýnandi um sýningu Friðriks Þórs og Lars Von Triers sem hefur ollið miklu umtali.

það sameiginlegt að upphæfja sköpunarmátt hugsunarinnar en draga úr eða afnema vægi handverks eða tækni.

Þess vegna hefði verið áhugavert að vita hvort þessi dæmalaus hugmynd er komin frá listasafninu sjálfu, sýningarstjóra sýningarinnar eða leikstjórum kvikmyndanna sem myndefnið er sótt til. Í texta Jóns Proppé er verkefninu stíllt upp sem heiðarlegum samanburði milli listgreinanna kvikmynda og málverks. Nefndir leikstjórar eru mærdir fyrir að leggja meiri sjónrænan metnað í verk sín, hið „myndræna“ og „maleríska“.

Sýningin gefur vissulega möguleika á umræðu, en því miður svoldið gamalli umræðu. Hún getur ekki verið samanburður á málverki og kvikmynd, móðgun við málverkið að halda slíku fram. Svipað og ef einhver tæki vídeó af Mónu Lísu málverkinu, og segði það vera sam- anburð á miðlunum. Ef leikurinn snýst hins vegar um að grínast, setja eitthvert djók fram undir alvarlegum formerkjum og hlæja bak við máluð leiktjöldin, kannski stríða safninu, eða stríða almenningi eða hinna sjálfsupphöfnu myndlistarelitu þá virkar þetta ekki. Stórkaralæg

undirskrift leikstjóranna í horn málverkanna er sá þáttur í gjörningnum sem fer „meðvitað“ yfir strikið sem „sannar“ eftir á kaldhæðnina og afsakar þannig að sýningin er misheppnuð sem hún náttúrulega varð að vera.

En sýningin er ekki bara „málverk“ því myndbandsverk eftir sýningarstjóran Ara Alexander Ergis leikur hér stórt hlutverk í heildinni og ekki síst tónlistin í því eftir Hilmar Örn Hilmarsson sem ómar yfir alla sýninguna í heild og gerir heim- sóknina meira en bærilega. Vídeóverkið er dæmigert fyrir sjón- menningu samtímans þar sem skapandi vinna með efni frá öðrum verður að sjálfstæðu verki og sem slíkt þá gengur það mjög vel upp og bætir heilli stjörnu í hnappagat sýningarinnar.

Sýningin *Endurkynni rammanna* er ein af undarlegri framkvæmdum Listasafns Reykjavíkur í ár ásamt sýningu Elínar Hansdóttur fyrr á árinu. Það er eins og Listasafnið rugli saman listrænni framsækni með innbyggðri áhættu við það að fella niður allar listrænar kröfur og keyra í gegn of margar stórar sýningar sem ná ekki því máli sem að öllum líkindum var lagt upp með.

# Leynardómsfullar táknmyndir

**MYNDLIST**  
ÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið, salur C  
**Innsetning, Ingibjörg Birgisdóttir**  
★★★★☆

Opið alla daga frá kl. 10-17, á fimmtudögum til kl. 22. Aðgangur ókeypis. Sýningin stendur til 3. janúar 2010.

Innsetning Ingibjargar Birgisdóttur í C-sal Hafnarhússins vísar myndrænt séð til fortíðar þar sem tvö skrítnin gömul apparöt sem minna á sjónauka eru í aðalhlutverki ásamt gömlum notuðum ferðatöskum. Sjónaukunum er beint niður að gólfi hvorum á móti öðrum þar sem ljósgeislar eru notaðir til að gefa í skyn í hvaða punkti augnaráðin myndu mætast ef hægt væri að sjá í gegnum græjurnar. Inni í græjunum er hins vegar hálfíflandi mynd af andlitslausri konu sem er bundin fyrir framan dramatíska fjallasýn. Á tveimur veggjum sem spegla hvar annan hanga misstórir skrautfánar af þeirri sort sem vani er að sjá skjaldarmerki á í finni félögum með skrautsnúrum og dúskum. Á þá stærri hafa verið málaðar myndir af fjallasýn en þeir minnstu eru auðir. Á stærstu fánunum er einnig máluð mynd af andliti þar sem bundið er fyrir augu og reipi sem teygir sig yfir í nærliggjandi fána með lykli hangandi í öðrum megin og öngli



**Gáta** „...þá virkar verkið eins og einhvers konar gáta þar sem áhorfendur sjálfir eiga að búa yfir þeim vitsmunalegu kóðum sem nauðsynlegir eru til að ljúka upp verkinu,“ segir m.a. í dómi Þóru um sýningu Ingibjargar.

hinum megin. Titillinn á verkinu er „Hvergi“.

Eins og ofangreind lýsing ber með sér þá virkar verkið eins og einhvers konar gáta þar sem áhorfendur sjálfir eiga að búa yfir þeim vitsmunalegu kóðum sem nauðsynlegir eru til að ljúka upp verkinu. En öllu líklegra er að ekki sé gert ráð fyrir að verkinu sé lokið upp, visbendingarnar eru allt of misvísandi til þess. Titillinn og ferðatöskurnar vísa til þess sem er alltaf á ferð og flugi og á í sjálfu sér hvergi heima. En binding kvenpersónanna við fjallasýnina virðist vísa til kynbundinna ták- nræna áttahagfjötra. Kannski fjallar verkið um hið horfna sjálfstæði Íslands og það að sjálf fjallkonan sem

var áður tákn frelsis sé nú rígbundin í fjötra og hafi misst sjónar á sjálfsmynd sinni.

Verkið er sett upp í samhverfu sem minnr á spegilmynd, og þótt samhverfan sé alltaf heillandi og einnig sú nostalgía sem finnst í fortíðarmunum hvers konar vantar eitthvað upp á til að sjónarspilið heilli. Maður bitur ekki beint á hinn fagurfræðilega öngul enda er engin beita og ekkert táknrænt skrárgat til að stinga lyklinum í. Hins vegar má finna í verkinu öræða spennu þar sem frekar sérhæft handbragð og undirbyggandi vísanir í leyndardóma og hefðarveldi skapar vísi að áhuga- verðu andrúmslofti sem gefur fyrirheit um eitthvert framhald.

## Borgarleikhúsið

568 8000 - borgarleikhus.is - midasala@borgarleikhus.is

### Söngvaseiður, nýjar aukasýningar

**Söngvaseiður (Stóra sviðið)**

Fös 25/9 kl. 19:00 Aukás	Fim 8/10 kl. 20:00 Ný aukás	Sun 18/10 kl. 20:00 Ný aukás
Lau 26/9 kl. 14:00	Fös 9/10 kl. 19:00	Lau 24/10 kl. 15:00
Sun 27/9 kl. 20:00 Ný aukás	Fim 15/10 kl. 20:00	Lau 24/10 kl. 19:00
Fim 1/10 kl. 19:00 Ný aukás	Lau 17/10 kl. 15:00	Sun 1/11 kl. 15:00 Ný sýn

Nýjar aukasýningar í sölu. Tryggðu þér miða strax.

**Harry og Heimir (Litla sviðið)**

Fim 24/9 kl. 20:00 7.kort	Lau 3/10 kl. 19:00 14.kort	Lau 17/10 kl. 22:00
Fös 25/9 kl. 20:00 8.kort	Lau 3/10 kl. 22:00 15.kort	Sun 18/10 kl. 20:30
Lau 26/9 kl. 16:00 Ný aukás	Sun 4/10 kl. 20:00 16.kort	Pri 20/10 kl. 20:00 Ný aukás
Lau 26/9 kl. 20:00 9.kort	Fim 8/10 kl. 20:00 16.kort	Fös 23/10 kl. 19:00
Sun 27/9 kl. 20:00 10.kort	Lau 10/10 kl. 19:00 17.kort	Sun 23/10 kl. 22:00 Ný aukás
Fim 1/10 kl. 20:00 11.kort	Lau 10/10 kl. 22:00 18.kort	Lau 24/10 kl. 19:00
Fös 2/10 kl. 19:00 12.kort	Sun 11/10 kl. 20:30 19.kort	Lau 24/10 kl. 22:00
Fös 2/10 kl. 22:00 13.kort	Lau 17/10 kl. 19:00 20.kort	

Nýjar aukasýningar í sölu. Tryggðu þér miða strax.

**Heima er best (Nýja sviðið)**

Mið 23/9 kl. 20:00 Fors.	Sun 27/9 kl. 20:00 3.kort	Sun 4/10 kl. 20:00 7.kort
Fim 24/9 kl. 20:00 Fors	Fim 1/10 kl. 20:00 4.kort	Fim 8/10 kl. 20:00 8.kort
Fös 25/9 kl. 20:00 Frums	Fös 2/10 kl. 20:00 5.kort	Fös 9/10 kl. 20:00 9.kort
Lau 26/9 kl. 20:00 2.kort	Lau 3/10 kl. 20:00 6.kort	Lau 10/10 kl. 20:00 10.kort

EKKI við hæfi viðkvæmra.

**Djúpið (Litla sviðið)**

Mið 23/9 kl. 20:00	Lau 3/10 kl. 16:00	Mið 14/10 kl. 20:00
Sun 27/9 kl. 16:00	Sun 4/10 kl. 16:00	Sun 25/10 kl. 20:00
Mið 30/9 kl. 20:00	Pri 13/10 kl. 20:00	

Sýningartími: 1 klst, ekkert hlé. Leikferð um landið í sept og okt.

**Sannleikurinn (Stóra sviðið)**

Lau 3/10 kl. 19:00	Fös 16/10 kl. 19:00	Fös 16/10 kl. 22:00 aukás
Lau 10/10 kl. 19:00		

ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

**Bláa gullið (Litla sviðið)**

Lau 10/10 kl. 14:00 Frums.	Lau 17/10 kl. 14:00 3.kort	Lau 24/10 kl. 14:00 5.kort
Sun 11/10 kl. 14:00 2.kort	Sun 18/10 kl. 14:00 4.kort	

Glænt og forvitnilegt verk.

**Skelltu þér í áskrift - 4 sýningar á aðeins 8.900 kr.**

## Þjóðleikhúsið

### KARDEMOMMUBÆRINN (Stóra sviðið)

Sun 27/9 kl. 14:00	Sun 18/10 kl. 17:00	Sun 15/11 kl. 14:00
Sun 27/9 kl. 17:00	Sun 25/10 kl. 14:00	Sun 15/11 kl. 17:00
Sun 4/10 kl. 14:00	Sun 25/10 kl. 17:00	Sun 22/11 kl. 14:00
Sun 4/10 kl. 17:00	Sun 1/11 kl. 14:00	Sun 22/11 kl. 17:00
Sun 11/10 kl. 14:00	Sun 1/11 kl. 17:00	Sun 29/11 kl. 17:00
Sun 11/10 kl. 17:00	Sun 8/11 kl. 14:00	
Sun 18/10 kl. 14:00	Sun 8/11 kl. 17:00	

Sýningum lýkur 29. nóvember

**UTAN GÁTTA (Kassinn)**

Fös 25/9 kl. 20:00	Fös 2/10 kl. 20:00	Fös 9/10 kl. 20:00
Lau 26/9 kl. 20:00	Lau 3/10 kl. 20:00	Lau 10/10 kl. 20:00

Síðasta sýning 10. október

**BRENNUVARGARNIR (Stóra sviðið)**

Fös 16/10 kl. 20:00 Frums.	Fös 30/10 kl. 20:00 4. sýn.	Fös 6/11 kl. 20:00 7. sýn.
Fim 22/10 kl. 20:00 2. sýn.	Lau 31/10 kl. 20:00 5. sýn.	Fim 12/11 kl. 20:00 8. sýn.
Fös 23/10 kl. 20:00 3. sýn.	Fim 5/11 kl. 20:00 6. sýn.	

**FRIDA... viva la vida (Stóra sviðið)**

Fös 25/9 kl. 20:00 5. sýn	Lau 3/10 kl. 20:00 8. sýn	Lau 10/10 kl. 20:00
Lau 26/9 kl. 20:00 6. sýn	Fim 8/10 kl. 20:00	Lau 17/10 kl. 20:00
Fös 2/10 kl. 20:00 7. sýn	Fös 9/10 kl. 20:00	Lau 24/10 kl. 20:00

Uppsett í september. Októbersýningar komnar í sölu.

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Fjögurra sýninga Opið kort aðeins 9.900 kr.**

Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins 5.900 kr.

## Leikfélag Akureyrar

Miðasölusími: 4 600 200, netfang: midasala@leikfelag.is

**Fúlar á móti (Loftkastalinn)**

Fim 24/9 kl. 20:00 Ný sýn.	Fös 25/9 kl. 20:00 Ný sýn.
----------------------------	----------------------------

TAKMARKADUR SÝNINGAFJÖLDI

**Við borgum ekki, við borgum ekki (Samkomuhúsið)**

Lau 26/9 kl. 19:00 5. sýn	Lau 26/9 kl. 22:00 6. sýn	Sun 27/9 kl. 20:00 7. sýn
---------------------------	---------------------------	---------------------------

Óborganlegur farsí eftir Dario Fo

**Djúpið (Samkomuhúsið)**

Fim 24/9 kl. 20:00 1. sýn	Fös 25/9 kl. 19:00 2. sýn	Fös 25/9 kl. 22:00 3. sýn
---------------------------	---------------------------	---------------------------

Einleikur eftir Jón Átta Jónsson

**Lilja (Rýmið)**

Fös 9/10 kl. 20:00 Frums.	Fös 16/10 kl. 20:00 4.kort	Fös 23/10 kl. 20:00 8.kort
Lau 10/10 kl. 20:00 2.kort	Lau 17/10 kl. 20:00 5.kort	Lau 24/10 kl. 20:00 9.kort
Sun 11/10 kl. 20:00 Háts.	Sun 18/10 kl. 20:00 6.kort	
Fim 15/10 kl. 20:00 3.kort	Fim 22/10 kl. 20:00 7.kort	

Byggt á kvikmyndinni Lilja 4 ever.